

## Reglugerð um frestanir leikja

### 1. gr.

Leikir samkvæmt mótaskrá mótanefndar BLÍ skulu leiknir á þeim stað og tíma sem þar frá greinir.

### 2. gr.

Leikir skulu almennt tilkynntir með mánaðar fyrirvara, en 14 dagar teljast réttir ef svo ber undir.

### 3. gr.

Mótanefnd er heimilt að breyta ásettum leikjum og þurfa þá a.m.k. 14 dagar að vera í leik. Ef skemmra er í leik þarf samþykki beggja liða til breytingarinnar, en ef skemmra en 7 sólarhringar eru til leiks er engin heimild til leikbreytingar nema samkvæmt 4. og 5. grein.

### 4. gr.

Leikur fellur af mótaskrá ef um lokaðar leiðir er að ræða, þannig að lið kemst ekki til leiks vegna veðurs, ófærðar eða annarra ófyrirsjáanlegra ástæðna, nema ákvæði 6. gr. sé beitt. Þegar um flug er að ræða skal miðað við flugleið samdægurs. Sama gildir um bílveg eða sjóveg, þegar slíkri ferð má ljúka m.t.t. árstíma á augljósum tíma. Flugleið telst fær ef flogið er áætlunarflug á þeim tíma sem lið hyggst fara á og ekki er um frídag að ræða, annars telst leið fær ef flogið er áætlunarflug á leikdag. Lið skulu panta far með að minnsta kosti 14 daga fyrirvara, sé þess kostur.

### 5. gr.

Ef um veikindi er að ræða, hvort heldur er leikmanna eða starfsmanna er leik ekki frestað nema til afbrigða megi telja. Í slíkum tilfellum skulu formaður og varaformaður BLÍ eða staðgenglar þeirra hverju sinni skera úr um frestun samdægurs.

### 6. gr.

Mótanefnd hefur heimild til að breyta leiktíma innan sömu leikhelgar þegar um tímabundna lokun leiða er að ræða sbr. 4. gr. Og að öðrum óviðráðanlegum orsökum.

### 7. gr.

Mótaskrá er hvers konar tilkynning um leikdaga, stað og tíma sem forráðamenn liða hafa undir eðlilegum kringumstæðum full tækifæri til að kynna sér.

### 8. gr.

Mótanefnd skal innan 7 sólarhringa frá frestuðum leik koma honum að nýju fyrir á mótaskrá sbr. 2. gr. nema bæði lið samþykki aðra tilhögun.

### 9. gr.

Mæti lið ekki til leiks í Úrvalsdeild, 1. deild eða í bikarkeppni BLÍ skal viðkomandi lið tapa leiknum 3-0, (25-0, 25-0, 25-0). Jafnframt skal sama lið vera sektað. Verði sektin ekki greidd innan þeirra tímamarka sem stjórn BLÍ ákveður getur hún

útilokað umrætt lið frá allri keppni á vegum BLÍ þar til skuldin hefur verið greidd eða um hana samið. Ákvæði þetta gildir á milli keppnistímabila.

Mæti lið í neðri deildum ekki til leiks tapast leikur þess 2-0, (25-0, 25-0), **auk þess sem liðið er sektað fyrir hvern leik. Sektarupphæðir skulu ákveðnar og gefnar út samhliða þáttökugjöldum.**

***Breytt og samþykkt á 46. ársþingi BLÍ 4. mars 2018***